**130. löggjafarþing 2003–2004.**
**Þskj. 62 — 62. mál.**

# Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um Árósasamninginn.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður skoðun stjórnvalda á áliti réttarfarsnefndar frá 2001 um mögulegar lagabreytingar sem gera þyrfti áður en Ísland gæti staðfest Árósasamninginn frá 25. júní 1998, um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum?
2. Hver er afstaða annarra Norðurlandaríkja til sömu álitamála og hvað líður staðfestingu þeirra á Árósasamningnum?